

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/47/15

frá 7. maí 2001

## um breytingu á ákvörðun 98/483/EB um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir uppþvottavélar(\*)

(tilkynnt með númeri C(2001) 1187)

(2001/397/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis bandalagsins <sup>(1)</sup>, einkum 3., 4. og 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að veita megi umhverfismerki bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum hvað varðar helstu umhverfispætti.
- 2) Í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að setja skuli sérstakar viðmiðanir fyrir umhverfismerki samkvæmt vöruflokkum.
- 3) Í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að endurskoðun á viðmiðununum fyrir umhverfismerki, sem og kröfunum um mat og sannprófun er varða viðmiðanirnar, skuli fara fram í tæka tíð áður en gildistímabili viðmiðananna, sem tilgreindar eru fyrir hvern vöruflokk, lýkur og skuli ljúka með tillögu að framlengingu, afturköllun eða endurskoðun.
- 4) Með ákvörðun 98/483/EB <sup>(2)</sup> setti framkvæmdastjórnin vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir uppþvottavélar en samkvæmt 3. gr. þeirrar ákvörðunar féllu þær úr gildi 31. júlí 2001.
- 5) Umhverfismerki bandalagsins hefur verið veitt einu sinni fyrir vörur í þessum vöruflokki.

6) Skilgreiningin á vöruflokknum og vistfræðilegu viðmiðanirnar skulu gilda óbreyttar áfram um 18 mánaða skeið.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, hafa verið unnar og samþykktar í samræmi við málsmeðferðina við setningu viðmiðana fyrir umhverfismerki sem mælt er fyrir um í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 98/483/EB komi eftirfarandi:

„Skilgreiningin á vöruflokknum og viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn skulu gilda frá 1. ágúst 1998 til 31. janúar 2003.“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. maí 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 139, 23.5.2001, bls. 21, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2002 frá 1. febrúar 2002 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 18, 4.4.2002, bls. 9.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 216, 4.8.1998, bls. 12.